

---

# „Stundum finnst mér þeir horfa á mig eins og ég sé geimvera“: Upplifun flóttakvenna í litlu bæjarfélagi á Íslandi

Unnur Dís Skaptadóttir  
*Háskóla Íslands*  
Erla S. Kristjánsdóttir  
*Háskóla Íslands*

**Útdráttur:** Rannsóknin sem þessi grein byggir á fjallar um reynslu og upplifun flóttakvenna sem voru nauðbeygðar til að yfirgefa heimili sín, búa í flóttamannabúðum og flytja í lítið bæjarfélag á Íslandi. Rannsóknin varpar ljósi á hvernig konurnar upplifðu sig eftir miklar hremmingar í eigin landi, velgengni þeirra og erfiðleika við að hefja nýtt líf á Íslandi. Tekin voru hálfopin viðtöl til að skoða reynslu þessara flóttakvenna og upplifun þeirra af því að aðlagast nýju landi. Fjögur þemu spruttu upp úr gögnunum: Móttækileiki nærsamfélagsins, að læra íslensku, kynjahlutverk hér og þar og félagsleg tengsl. Helstu niðurstöður eru að aðlögun kvennanna að samfélaginu var erfið þar sem samskiptin milli þeirra og innfæddra voru takmörkuð og konunum fannst lítill áhugi meðal innfæddra á að kynnst þeim. Nánari greining á þessum þemum leiddi í ljós að þrátt fyrir að hafa fundið öryggi í bæjarfélaginu og myndað þar tengsl við aðrar flóttakonur auk nokkurra annarra einstaklinga, sem gerði þeim kleift að líða eins og þær tilheyri staðnum, var þátttaka þeirra minni en þær óskuðu sér og þeim fannst þær vera einangraðar frá íslensku samfélagi.

*Lykilorð:* Samþætting ■ aðlögun ■ tungumál ■ konur ■ flóttafólk

**Abstract:** The study discussed in this article examines the experiences of a small group of women who came to Iceland as quota refugees. They had been forced to leave their homes and had lived in refugee camps, before they were resettled in a small town in Iceland. Semi-structured interviews were conducted to explore their lived experiences of adaptation of integration in their new home, after experiencing years of hardship in country of origin. Four main themes emerged from this study: Receptivity of receiving society, learning Icelandic, gender roles here and there and social ties. The main results indicate that the integration process was difficult; that communication between the women and natives was limited and that the natives did not show much interest in getting to know the women. A more detailed analysis revealed that although the women had found security in the town and had become friends with other refugees and a few other individuals, which made them feel a sense of belonging, they felt isolated from Icelandic society.

*Keywords:* Integration ■ adaptation ■ language ■ women ■ refugees

## Inngangur

Þvingaðir flutningar hafa aukist mikið á síðustu árum. Flóttafólk hefur aldrei verið fleira og eru stríðsátök helstu ástæður þessarar fjölgunar (UNHCR, 2017). Þó flóttafólk sé enn mjög lítill hluti innflytjenda á Íslandi hefur þeim fjölgað mikið sem leitað hafa eftir alþjóðlegri vernd eða fengið stöðu flóttamanna á síðustu árum (Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands, 2017). Vinnutengdir flutningar eru enn helsta skýring þeirrar fjölgunar innflytjenda á Íslandi sem átt hefur sér stað á síðustu tveimur áratugum, úr 2% árið 1996 í tæplega 10% árið 2016 (Hagstofa Íslands, 2016). Íslendingar hafa tekið á móti 645 flóttamönnum frá árinu 1956, en af þeim hafa 441 komið frá árinu 1996 (Velferðarráðuneytið, 2017). Með fjölgun flóttafólks á Íslandi er mikilvægt að athuga hvernig því vegnar að verða virkir þátttakendur í íslensku samfélagi og skoða hvað gengur vel og hvað ekki. Þegar tekið er á móti þessum nýju íbúum er mikilvægt að læra af fyrri reynslu til að koma í veg fyrir einangrun þeirra frá samfélaginu. Rannsókn eins og sú sem hér er kynnt og byggir á ítarlegum viðtölum er framlag til þess að skapa þekkingu sem getur verið gagnleg fyrir þá sem aðstoða við móttöku nýrra hópa. Reynsla og staða flóttafólks hefur verið rannsökuð á hinum Norðurlöndunum (Hagelund og Kavli, 2009; Larsen, 2011; Pedersen, 2012), en á Íslandi hafa rannsóknir að mestu leyti beinst að þeim sem flust hafa til landsins vegna vinnu og fjölskyldusameiningar og aðeins nýlega hefur sjónum verið beint að flóttafólki (Bissat, 2013; Ingvarsson, Egilson og Skaptadóttir, 2015; Kristjánsdóttir og Christiansen, 2017; Skaptadóttir, 2015; Skaptadóttir og Wojtynska, 2008; Wojtynska, 2012;). Nýleg rannsókn Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands (2017) sýnir að margt mætti betur fara í aðstoð við flóttafólk.

Hugtakið samþætting (e. integration) hefur verið skilgreint á mismunandi hátt í ólíku samhengi (Grillo, 2007) en það kom fram á seinni hluta síðustu aldar sem gagnrýni á fyrri hugmyndir um samlögun (e. assimilation) sem fólu í sér að fólk losaði sig við fyrri menningu og tæki upp menningu hins nýja lands. Hugmyndir um samþættingu ganga hins vegar út frá því að flest þjóðríki séu samsett af fólki með ólíkar fjölbættar sjálfsmyndir sem það vill viðhalda um leið og það aðlagast nýju samfélagi og á í daglegum samskiptum við innfædda (Berry, 2005; Evanoff, 2006; Ljujic, Vedder, Dekker og Van Geel, 2012; Martin og Nakayama, 2014). Innfæddir aðlagast jafnframt innflytjendum og veita þeim aðild að samfélaginu til dæmis með því að bjóða upp á þjónustu við hæfi, tungumálanámskeið og námskeið um menningu og réttindi og skyldur hins nýja samfélags (Castles, 2010; Kristjánsdóttir og DeTurk, 2013; Unnur Dís Skaptadóttir og Helga Ólafsdóttir, 2010).

Að læra ríkjandi tungumál er mikilvægur þáttur í efnahagslegri, félagslegri, menningarlegri og stjórnmálalegri þátttöku í nýju landi (Innes og Skaptadóttir, 2017; Watkins, Razee og Richters, 2012). Watkins o.fl. (2012) benda á að konur sem flytja frá fátækari löndum til Vesturlanda eru oft með minni menntun fyrir flutningana en karlar, vegna hnattræns kynbundins mismunar á menntunarstöðu kvenna og karla. Jafnvel þó fólk deili þeirri sameiginlegu reynslu að hafa þurft að flýja heimili sín, eins og konurnar sem um ræðir í þessari rannsókn, er reynsla þess ólík hvað varðar stétt, menntun og aldur sem eru allt þættir er geta haft áhrif á hvernig til tekst að tileinka sér annað tungumál. Auk þess getur álag sem fylgir þvinguðum flutningum og því að vera fjarri ástvinum haft mikil áhrif á einbeitingu í námi (Watkins o.fl., 2012).

Þvinguðum flutningum fylgja oft sálrænir og tilfinningalegir erfiðleikar sem taka þarf tillit til. Að flytja á nýjan stað getur skapað óöryggi og kvíða (Yamazaki og Kayes, 2004; Lin og Malhotra, 2012). Kim (2015) hefur sýnt hvernig innflytjendur upplifa oft álag og sjálfsmyndarkreppu vegna munarins á væntingum nýs samfélags til þeirra og lífsháttum fyrir flutningana. Innflytjendur verða oft fyrir fordómum og mismunum auk þess sem algengt er að

þeir séu ásakaðir um að reyna ekki að aðlagast nýju landi og nýrri menningu (Croucher, Galy-Badenas og Ruotsalainen, 2014; Grillo, 2007). Á Vesturlöndum beinast slíkir fordómar í vaxandi mæli gegn flóttafólki og sérstaklega gegn múslimum (Bunzl, 2005; Croucher o.fl., 2014; Fekete, 2006; Kristín Loftsdóttir, 2015). Rannsóknir hafa sýnt að skortur á skilningi á íslam hefur oft leitt til mismununar, ótta og haturs (Croucher o.fl., 2014). Kynþáttahyggja á sér langa sögu á Íslandi og rannsóknir hafa sýnt að innflytjendur upplifa fordóma í daglegu lífi (Guðrún Pétursdóttir, 2013; Kristín Loftsdóttir, 2015) og að fordómar gagnvart múslimum hafa aukist (María Smáradóttir Jóhannudóttir, 2015).

Kyn hefur áhrif á möguleika fólks til að flytja og hvert það getur flutt, og varpar ljósi á hvernig konum og körlum er tekið á ólíkan hátt sem innflytjendum í nýju samfélagi (Lenette, Brough og Cox, 2012; Mahler og Pessar, 2006). Rannsóknir meðal flóttafólks sýna að karlar eru hreyfanlegri en konur; það er oft erfiðara fyrir konur að yfirgefa heimahaga á eigin vegum og einnig er algengara að þær dvelji lengur en karlar í flóttamannabúðum (Binder og Tošić, 2005). Viðkvæm staða flóttakvenna er margþætt og getur verið ólík, en sem konur og sem flóttakonur upplifa þær oft tvöfalda jaðarsetningu (Binder og Tošić, 2005; Lenette o.fl., 2012). Þrátt fyrir auknar rannsóknir á stöðu flóttakvenna er daglegt líf þeirra, sögur þeirra af flutningunum og reynsla þeirra af lífi í nýju landi sjaldan miðlæg í rannsóknunum. Rannsókn Pedersen (2012) á reynslu flóttakvenna frá Írak í Danmörku sýndi að þeim fannst mikilvægt að halda í hefðir að heiman, að börn þeirra viðhéldu móðurmáli sínu og að þau lærðu reglur upprunalandsins varðandi samskipti karla og kvenna (Pedersen, 2012). Phillips og Saharso (2008) hafa bent á að þessi ólíku viðhorf til jafnréttis kynjanna séu of oft notuð sem mælikvarði á það hve ólík gildi séu talin ríkja milli innflytjendahópa og hins ríkjandi hóps í vestrænum ríkjum og að orðræða sem gerir mikið úr þessum menningarbundna mun geti jafnframt ýtt undir staðalmyndir og alhæfingar þar sem dregin er fram andstæða vestrænna gilda annars vegar og óvestrænna gilda hins vegar. Þannig er algengt þegar mörkin milli „okkar“ og „hinna“ eru dregin að bent sé á ofbeldi karla gegn konum meðal innflytjenda og á höfuðklút (eða annan klæðnað) kvenna (Fekete, 2006; Phillips og Saharso, 2008). Ghabra (2015) bendir á að slæðan geti verið táknræn fyrir kynjakerfi þar sem karlar eru ráðandi og konur fela líkama sinn fyrir körlum og það haldi konum niðri, en um leið verndi slæðan konur og veiti þeim stjórn yfir eigin líkama. Fekete bendir á að alhæfingar um konur sem bera slæður feli í sér að litið sé framhjá margbreytileika múslima og því að það að bera slæðu hefur ólíka merkingu fyrir konur, og oft sé litið framhjá einstaklingsvilja og atbeina kvenna í umræðum um slæðuna (Fekete, 2006).

Kenningar um félagsauð hafa verið mikilvægar í rannsóknnum meðal innflytjenda og hafa meðal annars sýnt hvernig fólk leitar stuðnings og leiðbeininga í etniskum hópi og hvernig þeir byggja upp ný tengsl á nýjum stað (McMichael og Manderson, 2004). Bourdieu (1986) skilgreinir félagsauð sem samansafn tengsla sem fólk öðlast í gegnum samskipti og það getur nýtt til að bæta stöðu sína í samfélaginu. Við flutninga missir flóttafólk oft þann félagsauð sem skilgreindi stöðu þess í upprunalandi. Það þarf að byrja upp á nýtt í landi þar sem fyrri félagstengsl hafa litla merkingu og menntun þess og þekking er lítils metin. Þannig upplifir flóttafólk oft félagslegan hreyfanleika niður á við eins og Pedersen (2012) sýndi í rannsókn sinni á reynslu flóttakvenna frá Írak í Danmörku. Rannsókn McMichael og Manderson (2004) í smáu samfélagi í Ástralíu sýnir hvernig missir mikilvægra félagslegra tengsla getur leitt til álags og depurðar meðal flóttakvenna. Rannsókn Larsen (2011) meðal flóttafólks í Danmörku sýndi að samskipti þess við fólk af sama þjóðerni hafði jákvæð áhrif á tilfinningalíf þess og stuðlaði enn fremur að því að það yrði virkir þátttakendur í samfélaginu. Það hafi því oft slæm áhrif að dreifa flóttafólki of víða í nýju landi þar sem það geti ekki haft samskipti við fólk af líkum uppruna. Til að öðlast frekari skilning á hvaða þættir gætu skipt

máli varðandi aðlögun flóttafólks að íslensku samfélagi og hvar kreppir að, leitast þessi rannsókn við að skoða upplifun og reynslu flóttakvenna sem voru nauðbeygðar til að yfirgefa heimili sín, dvelja í flóttamannabúðum í eitt til þrjú ár og yfirgefa landið sitt og setjast að í litlu bæjarfélagi á Íslandi. Rannsóknarspurningin er: *Hver er reynsla og upplifun flóttakvenna af því að aðlagast á nýjum stað í litlu bæjarfélagi á Íslandi?*

## Rannsóknaraðferð

Fyrirbærafræðilegri aðferðafræði var beitt í rannsókninni til að öðlast dýpri skilning á upplifun og reynslu kvennanna. Áhersla var lögð á að fá fram þeirra sýn og þá merkingu sem þær gáfu upplifunum sínum (Hammersley og Atkinson, 2007; Martinez, 2000). Í rannsókninni voru tekin hálfopin viðtöl við átta konur sem komu til Íslands sem hluti af stærri hóp kvenna og barna. Þær höfðu dvalið mislengi í flóttamannabúðum og höfðu ólíkan bakgrunn hvað varðar menntun, aldur, og fyrri reynslu á vinnumarkaði. Sumar þeirra voru ekkjur, aðrar fráskildar og ein ógift. Eftir flutninginn til Íslands höfðu tvær gifst en hinar voru á þessum tíma einar með börnin sín. Þær höfðu dvalið á Íslandi í þrjú og hálf ár þegar viðtölin voru tekin.

Áður en viðtölin fóru fram var rannsóknin útskýrð fyrir konunum og í hverju þátttaka þeirra fælist, með aðstoð túlks. Þeim var gerð grein fyrir að þeim væri frjálst að hætta þátttöku hvenær sem er og að farið væri með viðtölin sem trúnaðarmál. Þar sem hér er um lítinn hóp að ræða sem hefur á vissan hátt viðkvæma stöðu var mikil áhersla lögð á að gæta þess að niðurstöður væru ekki persónugreinanlegar og gætu ekki skaðað þátttakendur. Hópur flóttafólks er lítill á Íslandi og teljum við því mikilvægt að uppruni kvennanna og komuár komi ekki fram. Þeim voru gefin ný nöfn og þess gætt að koma ekki með dæmi sem gætu gefið til kynna um hvaða einstakling er að ræða.

Í viðtölunum voru konurnar spurðar um komuna til Íslands, hverjar væntingar þeirra hefðu verið og hver reynsla þeirra væri af því að setjast að á Íslandi. Þær voru beðnar um að ræða um þeirra upplifun af viðbrögðum Íslendinga gagnvart þeim, hvernig þeim hefði gengið að eiga í samskiptum við stofnanir og um þátttöku þeirra í nærsamfélaginu. Í viðtölunum var einnig rætt um kunnáttu í íslensku, hvað þær upplifðu sem ólíkt í því samfélagi sem þær komu frá og á Íslandi og um framtíðarsýn þeirra. Gengið er út frá því að þær séu sérfræðingar í sinni reynslu og því best hæfar til að segja frá henni. Viðtölin, sem voru tekin með aðstoð túlks, fóru fram á ensku og túlkurinn þýddi spurningar yfir á móðurmál kvennanna og síðan svör kvennanna aftur yfir á ensku. Hvert viðtal tók um það bil eina og hálf klukkustund og fóru þau öll fram á heimili kvennanna. Konurnar tóku vel á móti okkur. Sumar þeirra elduðu handa okkur mat frá upprunalandi, aðrar buðu upp á bakkelsi og allar buðu þær upp á gott sterkt kaffi og þannig áttum við kost á óformlegum samtölum og samveru með þeim auk viðtalanna.

Viðtölin voru afrituð, greind og túlkuð út frá fyrirbærafræðilegri aðferðafræði og notast var við greiningarstigin þrjú: Lýsingu, samþættingu og túlkun (Lanigan, 1988). Fyrsta stigið er *lýsing*, þar sem viðtölin og afritun fara fram. Hér þarf rannsakandi að gæta hlutleysis (Orbe, 1998). Annað stigið er *samþætting* þar sem þemagreining hefst. Á því stigi þarf rannsakandi að marglesa afrituðu viðtölin þar til þemu byrja að spretta upp úr gögnunum. Markmiðið er að komast að kjarna upplifunar hvers og eins, en ekki að skapa samhljóða álit á upplifun. Á þessu stigi þarf að ákveða hvaða hlutar af lýsingu viðmælenda eru mikilvægir og hverjir ekki og svara best rannsóknarspurningunni og markmiði rannsóknarinnar. Þriðja stigið er *túlkun*, en þar eru þemun dregin enn betur saman og túlkuð til að komast að kjarna upplifunar viðmælenda. Á öðru og þriðja stiginu er mikilvægt að hafa rannsóknarspurningu og markmið að leiðarljósi til að tryggja að þemun svari rannsóknarspurningu. Hér eru skoðuð tengsl á

milli þema með því að skoða hvernig þau tengjast innbyrðis. Eitt orðasamband eða þema getur tengst við önnur mikilvæg þemu og þess vegna þarf að mynda sterkt samband við ákveðnar spurningar og mikilvæg þemu. Megintilgangur túlkunarinnar er ekki að finna réttar lausnir, heldur að fara á dýptina til að finna merkingu og tilgang upplifunar viðmælenda (Orbe, 1998).

## Niðurstöður

Allar konurnar sem tóku þátt í rannsókninni höfðu gengið í gegnum mikla og þungbæra reynslu áður en þær komu til Íslands og útvegum á húsnæði til þeirra eftir að hafa búið við mjög erfiðar aðstæður í mislangan tíma veitti þeim mikla öryggistilfinningu. Þær voru mjög þakklátar fyrir þá aðstoð sem þær fengu. Það var þó ekki auðvelt fyrir þær að aðlagast nýju umhverfi. Í greiningu á viðtölunum birtust eftirfarandi þemu sem verða rædd hér fyrir neðan: Móttækileiki nærsamfélagsins, að læra íslensku, kynjahlutverk hér og þar og félagsleg tengsl.

## Móttækileiki nærsamfélagsins

Fyrst eftir komuna til Íslands fundu konurnar fyrir jákvæðu viðmóti. Fjölskyldurnar fengu fullbúnar íbúðir sem sjálfbodaliðar á vegum Rauða krossins höfðu útbúið fyrir þær. Túlkur var þeim innan handar og hver fjölskylda fékk tvær stuðningsfjölskyldur. Sem kvótaflóttakonur stóð þeim til boða aðstoð sveitarfélagsins í samvinnu við Rauða krossinn til eins árs við þætti eins og upphaf skólagöngu barna þeirra og við heilbrigðisþjónustu.

Aisha var mjög þakklát og lét í ljós hve vel hún kunnir að meta þessar góðu og hlýju móttökur og sagði í því samhengi:

Íslendingar eru mjög vingjarnlegt fólk, með gott hjartalag. Eftir reynsluna í X [landið sem hún flúði frá] hélt ég að það væri ekki til fólk sem væri gott og sem aðstoðaði aðra bara af því að samvíska þess segði þeim að gera það. Það gerir hluti án þess að búast við einhverju til baka. Það gerir það, því finnst það vilji gera það... Þetta er gott fólk.

Fólkið í bænum þar sem konurnar settust að var forvitið og það spurði mikið um menningu þeirra og fortíð, um slæðurnar sem flestar þeirra báru og hvers vegna þær borðuðu ekki svínakjöt. En þær bentu á að þessi áhugi hefði ekki enst mjög lengi og að fljótlega hefði dregið úr spurningum. Konurnar töluðu um að þær hefðu oft verið óöruggar gagnvart því hvernig þær ættu að túlka hegðun fólks. Flestir sem þær hittu virtist vera jákvæðir gagnvart þeim en jafnframt horfðu sumir á þær á neikvæðan hátt. Fatima upplifði ákveðna togstreitu þar sem hún átti erfitt með að átta sig á viðmóti heimafólks en sagði:

Okkur fannst það vera tilbúið að samþykkja okkur... en auðvitað sér maður ýmis svipbrigði í andliti fólks... þú sérð það... Mér er sama um þetta fólk. Ég mun aldrei hugsa um það. Mér finnst þetta fólk ekki eiga skilið að ég hugsi um það.

Aminu fannst oft skapast þvingandi andrúmsloft í samskiptum sínum við Íslendinga og hún lýsti viðbrögðum þeirra á eftirfarandi hátt: „...stundum finnst mér þeir horfa á mig eins og ég sé geimvera... Þau eru undrandi, kannski er það húðlitur minn, kannski slæðan, ég veit ekki.“ Aisha hafði svipaða sögu að segja og Amina um tengslin við Íslendinga: „...við erum í góðum tengslum við Íslendinga... en stundum breytast andlit þeirra... Ég skipti Íslendingum í tvennt, þá sem líkar við okkur og samþykkja okkur og aðra sem vilja ekki sjá okkur eða samþykkja okkur.“ Sumar kvennanna höfðu upplifað áreiti frá unglingum. Konunum var

mjög brugðið við þetta og að það væru börn sem sýndu slíka hegðun en þær voru vanar því frá heimalandi sínu að virðing væri borin fyrir þeim sem eldri eru.

Konurnar töluðu um að þær hefðu vonast til að fólk myndi sýna þeim skilning vegna þeirra hremminga sem þær höfðu lent í áður en þær komu til Íslands. Aisha lýsti vonbrigðum sínum með viðmót sumra einstaklinga sem hún átti í samskiptum við, sem minnti hana á að hún myndi alltaf vera flóttakona og því annars flokks í samfélaginu. Hún útskýrði reynslu sína af samskiptum við starfsmann hjá sveitarfélaginu:

...hún skilur ekki hvað kom fyrir okkur áður en við komum hingað... á einum fundinum sagði hún við mig: „Ef þér líkar þetta ekki af hverju ferðu þá bara ekki aftur til (X)?“ Ég veit að ég er flóttakona, ég fór frá X af því að ég var flóttakona, því þeir vildu okkur ekki, þeir hata okkur. Þeir hentu okkur út. Þá komum við hingað og við héldum að við yrðum samþykktar af samfélaginu. Ég veit að ég verð alltaf flóttakona, ekki Íslendingur. En ég þarf ekki að láta minna mig á það á fimm mínútna fresti að ég sé flóttakona.

Margar konurnar töluðu um að þær myndu sennilega seint losna við flóttakonustimpilinn. Þær höfðu margar hverjar búið við ágætis kjör í upprunalandi og þrátt fyrir að vera mjög þakklátar fyrir allt sem þær höfðu fengið þá voru það erfið viðbrigði að búa við mjög takmörkuð fjárráð á heimili sem þær höfðu á engan hátt valið sjálfar og endurspegladi ekki þeirra smekk.

### Að læra íslensku

Tveimur vikum eftir að fjölskyldurnar komu til Íslands hófust íslenskunámskeið fyrir þær. Konurnar voru settar saman í bekk og börnin frá níu til 16 ára saman í bekk. Þeim fannst það skapa vandamál að hafa alla saman í bekk og sumar þeirra mættu illa eða hættu fljótlega að mæta. Konurnar töluðu um að þær hefðu ekki verið tilbúnar ennþá til að fara að læra. Þær hefðu enn verið í tilfinningalegu uppnámi eftir erfiða reynslu og sumar í sorg eftir missi eiginmanns og að hafa þurft að yfirgefa heimili sitt og búa við erfiðar aðstæður í flóttamannabúðum. Þeim fannst þær þurfa meiri tíma til að jafna sig og koma sér fyrir með börnunum á nýju heimili í nýju landi áður en þær færu að læra. Þeim fannst erfitt að skilja kennarana því flestar þeirra skildu ekki ensku. Aisha útskýrði reynslu sína af kennslustund með kennaranum:

...það var eins og við værum heyrnarlausar... við heyrðum ekki raddir þeirra... við sáum bara hvernig þeir hreyfast, líkamar þeirra, líkamstjáning... heyrðum ekki neitt sem var sagt... það var mjög erfitt, og okkur fannst við ekki vera að afreka neitt.

Þannig fannst konunum þær hafa takmarkað gagn af íslenskunámskeiðunum svona nýlega eftir komuna til landsins. Það skapaði óánægju á meðal þeirra að setja saman í hóp þær sem voru með mjög ólíkan bakgrunn á ólíkum aldri og misvanar að læra á skólabekk. Fadwa, sem hafði lokið lengra námi og var vön því að sitja á skólabekk, átti frekar auðvelt með að tileinka sér kennsluaðferðirnar og námsefnið og hún útskýrði vonbrigði sín og gremju yfir því að ekki var tekið tillit til fyrri menntunar hennar og yfir því að þurfa að bíða meðan verið var að aðstoða aðrar: „...það voru tvær konur sem þurftu meiri aðstoð og fengu meiri aðstoð. En ég fékk ekki kennsluefni sem krafðist meira.“ Amina útskýrði frekar: „...þau litu ekki á bakgrunn okkar eða hve mikið við skildum svo þetta var mikil tímaeyðsla...“ Nokkrar þeirra töluðu einnig um að þeim fannst þvingandi að þurfa að mæta í alla tímuna og að þeim hafi þótt erfitt hve mikil áhersla var á að mæta á réttum tíma og mjög snemma dags. Margar höfðu ekki verið í skóla eða í vinnu í langan tíma og fannst erfitt að venjast slíkri dagskrá.

Þegar viðtölin fóru fram höfðu konurnar þó öðlast mismikla þekkingu á íslensku og sumar skildu þó nokkuð þó þær gætu ekki enn tekið þátt í flóknum samræðum, en aðrar skildu enn frekar lítið. Þessi takmarkaði skilningur á íslensku ýtti meðal annars undir erfiðleika sem þær upplifðu af því að vera einstæðar mæður og ýtti undir áhyggjurnar af börnunum og samskiptum við skólayfirvöld. Sumar þeirra notuðu „Google translate“ og báðu börn sín um aðstoð þegar þær fengu skilaboð frá skóla þeirra. Þær töluðu um að það hve seint tæki að ná tókum á málinu hefti þær í að kynnast Íslendingum betur. Einnig fannst þeim erfitt að geta ekki tjáð sig í daglegum athöfnum eins og þegar þær þurftu að sækja þjónustu eða fara til læknis. Það var erfitt að þurfa að bíða þar til túlkur fékkst. Amina sagði: „Ef ég er mjög veik í dag... get ég ekki farið til læknis. Ég verð að bíða þar til þau finna túlk svo það tekur tvo til þrjú daga... það er mjög erfitt.“

### Kynjahlutverk hér og þar

Í umræðum um það sem væri líkt lífinu í upprunalandinu töluðu konurnar um að á báðum stöðum væri áhersla á fjölskylduna og fjölskyldutengsl, en í umræðum um það sem væri ólíkt voru hlutverk kvenna og karla þeim hugleikin. Konurnar báru oft saman hve ólík kynjahlutverk eru á Íslandi miðað við það sem þær áttu að venjast. Amina sagði til dæmis: „Það er munur á öllu samfélaginu... konan er heima og karlinn er í vinnunni... þannig virkar samfélagið.“ Fatima sagði: „Í okkar samfélagi er konan háð karlinum. Hann er karlinn á heimilinu... og þegar þú missir manninn þinn þá veistu ekkert, þú veist ekki hvernig þú átt að takast á við samfélagið... hvernig þú átt að fara að því að vinna og sjá fyrir fjölskyldunni.“ Þær útskýrðu hve erfitt var að hafa ekki karlmann á heimilinu sem fyrirvinnu og til að taka þátt í uppeldi barnanna. Þær töluðu um hve erfitt þeim fannst að vera einar með ábyrgð á barnaupeldinu og sumar þeirra höfðu upplifað uppeldishlutverkið sem erfiðara en áður. Ástæða þess var ekki einungis staða þeirra sem einstæðar mæður, heldur bættist við vanlíðan og kvíði sem gerði þeim erfitt að sinna uppeldinu eins vel og þær hefðu viljað. Þrátt fyrir ýmsan stuðning og hjálp frá félagsráðgjöfum bæjarfélagsins hafði þeim ekki boðist sálfræðiaðstoð.

Þó flestar kvennanna vildu helst hafa kynjahlutverkin á heimilinu sem líkust því sem þær voru vanar frá upprunalandi þá töluðu þær einnig á jákvæðan hátt um kynjahlutverk á Íslandi, þá sérstaklega þátttöku karla í heimilisstörfum. Þær gagnrýndu skort á jafnrétti kynjanna í upprunalandi. Aisha sagði:

Við segjum að konur séu helmingur samfélagsins. Við erum góð í að segja hluti en ekki að fylgja þeim eftir, það er víst. Við höfum ekkert jafnrétti í okkar landi... við höfum engin réttindi, það er ekkert fyrir konur í okkar löndum... Á Íslandi getur kona verið leiðtogi landsins en þaðan sem við komum getur hún ekki stjórnað skóla.

Fatwa sagði:

Það er allt öðruvísi hér en í X og það er mikið betra hér. Milli 17 til 20 ára lýkur þú námi og þú giftist og þú ert heima. Hér hins vegar, ég hef aldrei hugsað um það, ég mun læra að keyra, læra meira og fara að vinna. Þess vegna er það betra hér. Það eru fleiri tækifæri fyrir konur hér.

Flestar konurnar völdu að nota slæðuna í daglegu lífi og litu á það sem mikilvægan þátt í að vera múslimi og í því að halda í sjálfsmynd sína og innri styrk. Ein kvennanna sagði:

...þetta er eitthvað sem Guð vill að allar konur klæðist... svo það er hluti af trúnni... ég notaði ekki slæðu í 15 ár. Mamma, frænkur mínar og allar voru með slæður, svo ég setti líka upp slæðu og ég mun ekki hætta að ganga með hana. Mér finnst það vera hluti af sjálfsmýnd minni. ...Ég mun aldrei yfirgefa trú mína eða taka niður slæðuna.

Þær höfðu þó ekki allar sömu skoðanir á því að ganga með slæðu. Ein þeirra talaði um að hún væri ekki minni múslimi þó hún veldi að nota ekki slæðu og benti á að með því gæti hún fallið betur að íslensku samfélagi.

Þrátt fyrir jákvæð viðhorf til jafnréttishugmynda á Íslandi lögðu konurnar mikla áherslu á að það væru líka kostir við þeirra fyrirkomulag og skýrari hlutverk kynjanna. Þær höfðu áhyggjur af uppeldi ungra stúlkna á Íslandi og fannst þær hafa of mikið frelsi og lögðu áherslu á að dætur þeirra myndu einungis giftast múslimum. Þær töluðu um mikilvægi þess að halda í sína menningu og trú í þessu samhengi.

### Félagsleg tengsl

Í viðtölum kom fram að konurnar tóku þátt í ýmsum viðburðum, svo sem á vegum bæjarfélagsins og Rauða Krossins, en tóku að öðru leyti lítinn þátt í nærsamfélaginu. Þó svo að konurnar séu ólíkar og hafi ekki þekkt áður en þær komu til Íslands kynntust þær ágætlega eftir komuna og sögðust oft leita stuðnings hver hjá annarri. Þrátt fyrir það töluðu flestar um einmanaleika og einangrun og um að hafa ekkert við að vera. Þeim fannst dýrt að fara til Reykjavíkur þar sem finna mátti stærra samfélag múslima. Fadwa útskýrði til dæmis: „...Mér líður ekki vel af því ég er svo einangruð. Ég lærði í tvo mánuði og síðan hef ég ekki gert neitt... ég geri ekki neitt.“ Iman sagði: „Mér líður illa af því ég á enga vini, íslenska vini, ég held að ef ég lærði tungumálið og ætti vini þá væri ég ekki svona einmana eins og ég er núna.“ Þær héldu því fram að vegna takmarkaðs skilnings á íslensku ættu þær erfitt með að átta sig á hvað væri í gangi og fyndist þær oft utanveltu.

Eftir eins árs aðstoð er gert ráð fyrir að kvótaflóttafólk sé komið með atvinnu. Í viðtölum við konurnar kom fram að flestar þeirra hefðu viljað vera komnar með vinnu og fannst slæmt að vera enn ekkert að starfa eftir þrjú og hálf ár í landinu. Auk þess að bæta lífsskjör sín með launavinnu töluðu konurnar um að þær vildu hafa vinnu til að kynnast Íslendingum og verða meiri þátttakendur í samfélaginu. Nokkrar höfðu tekið þátt í sjálfbodaðastörfum, en þær vildu frekar launaða vinnu. Sumar þeirra höfðu verið útivinnandi fyrir flóttann en aðrar höfðu verið heimavinnandi. Fadwa sagði: „Ég vil vinna, en það er engin vinna.“ Fatima sagði: „Auðvitað vil ég vinna. Mér finnst gott að fara út og vinna.“

Þó svo að konurnar fyndu til öryggis í nýju samfélagi töluðu þær samt um að þær stæðu á vissan hátt fyrir utan það. Fáar þeirra áttu íslenska vini, en sumar þeirra héldu enn tengslum við stuðningsfjölskyldurnar sem þeim var úthlutað í byrjun. Þessar fjölskyldur, ásamt einstaklingum frá Rauða krossinum og félagsráðgjöfunum sem höfðu aðstoðað þær, voru það fólk sem þær höfðu kynnst best og litu á sem vini sína. Sumar þeirra töluðu um að þær vissu ekki hvernig þær ættu að skapa tengsl við fólk utan við þennan hóp. Iman sagði: „Mér finnst Íslendingar gott fólk en ég veit ekki hvað býr innra með þeim.“ Aisha sagði um það að kynnast nýju fólki: „...manni finnst eins og þau vilji ekki þekkja mann, þau hafa ekki áhuga á tengslum.“

Þrátt fyrir að konurnar tækju ekki mikinn þátt í bæjarlífinu höfðu þær ákveðna tilfinningu fyrir því að tilheyra því og fundu öryggi sem þær mátu mikils. Þær vildu því ekki flytja til annarra staða á Íslandi, eins og til Reykjavíkur þar sem eru fleiri múslimar sem tala þeirra móðurmál. Þær höfðu þó ekki mjög skýrar hugmyndir um framtíðina. Sumar sögðust vilja vera áfram á Íslandi en aðrar vissu það ekki. Amina sagði til dæmis: „Guð einn veit, ég veit ekki hvað framtíðin ber í skauti sér, við getum ekki skipulagt hana.“



## Umræður og lokaorð

Þessi rannsókn sýnir hvernig reynsla hóps flóttakvenna mótaðist fyrstu árin á Íslandi af ólíkum þáttum eins og því hvernig þeim var tekið, erfiðleikum við að læra íslensku, hugmyndum um kynjahlutverk og takmörkuðum félagslegum tengslum. Konurnar höfðu blendnar hugmyndir um hvernig þeim var tekið. Þeim fannst þeim vera vel tekið í upphafi og fundu til öryggis á nýjum stað, en þær voru líka óöruggar gagnvart þessu nýja og framandi umhverfi og vissu ekki alveg hvernig átti að túlka hegðun heimamanna. Þeim fannst margir taka þeim vel, en fundu að öðrum líkaði ekki vera þeirra á staðnum. Þær vissu ekki hvernig þær gætu kynnst fólkinu betur og skapað vinatengsl. Þessir þættir hafa mikil áhrif á möguleika kvennanna á að aðlagast í nýju landi og gerast virkir þátttakendur í íslensku þjóðfélagi.

Að taka á móti fólki inn í samfélag sem er því nýtt og framandi og gera ráð fyrir að það finni að mestu sjálft leið til að aðlagast nýjum aðstæðum er einföldun á miklu flóknari veruleika. Konurnar í þessari rannsókn fengu formlegan stuðning fyrsta árið en eftir að verkefninu lauk urðu þær háðar aðstoð bæjarfélagsins. Oft er lítið á tungumálið sem lykil að því að geta orðið virkur þátttakandi í samfélaginu (Innes og Skaptadóttir, 2017; Kristjánsdóttir og DeTurk, 2013; Watkins o.fl., 2012), en lítið fór fyrir íslenskunámi þessara kvenna og þeim fannst það hve lítið þær kunnu í íslensku vera mikil hindrun í því að geta átt samskipti við aðra íbúa. Þeim fannst lítið tillit hafa verið tekið til ólíks menntunarlegs bakgrunns þeirra og aldurs í íslenskukennslunni; þær voru misvanar því að sitja á skólabekk. Þrátt fyrir að hafa átt það sameiginlegt að flýja voru stéttarstaða, menntun og aldur ólík, sem hafði áhrif á hvernig þeim gekk að tileinka sér námið. Kennslan sem konunum bauðst í íslensku var einnig veitt of snemma og vegna þeirra miklu hremminga sem konurnar höfðu lent í áður en þær komu til Íslands voru þær ekki tilbúnar að taka á móti því sem reynt var að miðla til þeirra. Þeim fannst að kennslan hefði átt að hefjast seinna og standa yfir lengur. Þær töluðu þó flestar um það hvernig kvíðinn og vanlíðanin í byrjun hefði haft áhrif á þátttöku þeirra í því sem þeim var boðið upp á í tengslum við aðlögunaráætlun, sem er í samræmi við rannsóknir á öðrum hópum í sömu stöðu (Lin og Malhotra, 2012; Yamazaki og Kayes, 2004).

Mikilvægur þáttur í umræðum kvennanna um reynslu þeirra af flutningunum til Íslands var að vera einstæð móðir. Þeim fannst erfitt að vera án eiginmanns og þær veltu mikið fyrir sér ólíkum viðhorfum til hlutverka karla og kvenna í upprunalandi þeirra og á Íslandi. Þær voru jákvæðar gagnvart jafnréttishugmyndum á Íslandi. Þær vildu tileinka sér sumar þeirra en vildu þó jafnframt kenna börnum sínum um viðeigandi hlutverk karla og kvenna frá upprunalandi og halda þannig í heiðri gildin sem þær höfðu alist upp við á svipaðan hátt og sjá má í rannsóknum Pedersen (2012) meðal kvenna frá Írak í Danmörku. Þannig voru hugmyndir þeirra um kynin ekki niðurnjörvaðar og óbreytanlegar eins og oft er gengið út frá í umræðu um múslimakonur (Philips og Saharso, 2008). Konurnar sem þátt tóku í þessari rannsókn töluðu til dæmis um að það hefði verið þeirra eigin ákvörðun að bera slæðu eða taka hana niður.

Samþætting (e. integration) gengur út á gagnkvæma aðlögun; að fólk geti viðhaldið menningu og tungumáli frá upprunalandi, en sé gert kleift að eiga í samskiptum við innfædda og búi við sömu réttindi (Berry, 2005; Castles, 2010; Evanoff, 2006; Kristjánsdóttir og DeTurk, 2013; Ljujic o.fl., 2012; Martin og Nakayama, 2014; Unnur Dís Skaptadóttir og Helga Ólafsdóttir, 2010). Konurnar höfðu mikinn áhuga á að verða virkari þátttakendur í íslensku samfélagi með því að fá atvinnu, bæði til að geta sjálfar séð fyrir sér, til að hafa eitthvað við að vera á daginn og ekki síst til að kynnast Íslendingum. Það var þó mjög misjafnt hve skýrar hugmyndir þær höfðu um það hvernig störfum þær gátu hugsað sér að

sinna. Þar sem konurnar höfðu lítil samskipti við fólk utan þröngs hóps Íslendinga var erfitt fyrir þær að byggja upp félagsauð og þar af leiðandi að verða virkir þátttakendur í samfélaginu. Þær upplifðu að þær hefðu ekki aðgang að óformlegum félagslegum tengslum og þeim fannst Íslendingar hafa takmarkaðan áhuga á að kynnast þeim.

Sumar kvennanna höfðu upplifað beina fordóma á göngu sinni um bæinn og í strætisvagni. Þessi reynsla jók á kvíða þeirra og gerði þeim erfiðara fyrir að reyna að skapa tengsl (Smith, 2000). Þær töluðu um að þær ættu erfitt með að skilja íslenska menningu og hvað fólk væri að hugsa. Þær litu svo á að einangrun þeirra og einmanaleiki væri þó ekki eingöngu þeirra val því þær hefðu áhuga á að kynnast fólki. Konurnar höfðu upplifað mikinn missi, þær höfðu misst heimili sín, lífið sem þær þekktu áður, eiginmenn sína og aðra ættingja. Það togaðist á í þeim löngunin til að tilheyra nýju samfélagi og til að geta snúið aftur til fyrra lífs. Þær bjuggu langt frá öðru fólki sem talar móðurmál þeirra. Þær töluðu flestar um að hafa liðið illa og fundu til einmanakenndar og leiða. Þrátt fyrir að konurnar hafi lítil félagsleg tengsl og samskipti við Íslendinga í bænum hafa þær stuðning hver af annarri og af aðilum sem komu að móttöku þeirra. Þessi stuðningur veitir þeim gleði og öryggiskennd sem gerir þeim kleift að finnast þær tilheyra samfélaginu. Þær töluðu um að þeim liði vel í bænum, að þær fyndu fyrir miklu öryggi og að þeim fyndist þær eiga heima þar.

Með þessari rannsókn viljum við leggja okkar af mörkum til auka skilning á því hvernig það er að vera flóttakona á Íslandi og jafnframt auka þekkingu sem gæti leitt til bættrar móttöku flóttafólks á Íslandi. Við teljum að til að slík móttaka takist vel sé mikilvægt að ganga út frá samþættingu, það er að fólk geti haldið menningararf sinn í heiðri og jafnframt orðið þátttakendur í samfélaginu með því að því sé boðinn stuðningur til lengri tíma sem miðar að ólíkum þörfum þess. Rannsóknin sýnir að stuðningur í eitt ár er of stuttur tími þegar tekið er á móti hópi kvenna og barna sem upplifað hafa stríð og hörmungar og þurfa að koma sér fyrir og skapa nýtt líf í nýju landi. Í umræðum um samþættingu hefur áherslan á mikilvægi þess að ganga ekki út frá einsleitni „menningarhópa“ aukist og á að taka skuli tillit til ólíkrar stöðu innan hópanna svo sem stéttar, aldurs og menntunar. Þó algengara sé að konur en karlar séu með minni menntun í hnattrænu samhengi, eins og Watkins o.fl. (2012) hafa bent á, er mikilvægt að gefa sér ekki fyrirfram að konur frá stríðshráðum ríkjum séu ómenntaðar og líta þannig framhjá menningarlegu auðmagni þeirra. Jafnvel þó þær hafi átt það sameiginlegt að hafa þurft að flýja heimili sín og hafi komið saman var fátt annað sem sameinaði þær. Í þessari grein er bent á ýmsa þjónustu sem konunum stóð til boða en ekki fjallað um sýn þeirra sem komu að því að aðstoða konurnar; markmið greinarinnar er að sýna upplifun flóttakvennanna sjálfra. Auðséð er að rík áhersla var lögð á að reyna að finna leiðir til að koma til móts við þær. Þær fengu meðal annars aðstoð Rauða krosssins, félagsráðgjafa og stuðningsfjölskyldna. Konurnar margítrekuðu þakklæti fyrir alla þá aðstoð sem þær höfðu fengið og sú góða móttaka átti mikinn þátt í að þeim fannst þær tilheyra bæjarfélaginu. Þó er ljóst að nokkuð skorti á að bjóða upp á þjónustu við hæfi og tungumálanám sem hentaði hópnum (Castles, 2010; Kristjánsdóttir og DeTurk, 2013; Unnur Dís Skaptadóttir og Helga Ólafsdóttir, 2010).

Rannsóknin er framlag til þekkingar á reynslu flóttafólks og þeim hindrunum sem það upplifir. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna mikilvægi þess að líta á aðlögun flóttafólks sem margþætt ferli þar sem taka þarf tillit til samspils ólíkra þátta. Til að vel takist til þarf að viðurkenna veruleika fjölmenningslegs samfélags, fjölþættar sjálfsmyndir og bakgrunn einstaklinga í móttökuférlinu (Castles, 2002; Evanoff, 2006; Ljujic o.fl., 2012). Þvinguðum flutningum fylgir oft vanlíðan og álag vegna sálrænna áfalla, viðkvæmrar stöðu og fordóma sem fólk mætir vegna uppruna, kyns eða trúar (Bunzl, 2005; Croucher o.fl., 2014; Fekete, 2006). Missir félagslegrar stöðu getur ýtt undir slíka vanlíðan (McMichael og Manderson

2004). Að halda í trú sína og hefðir getur styrkt fólk í þessu mótlæti, eins og við sjáum í þessari rannsókn.

Takmörkun þessarar rannsóknar er að hún lýsir reynslu af upplifun lítills hóps kvenna sem voru nauðbeygðar til að yfirgefa heimili sín, búa í flóttamannabúðum, flytja í lítið bæjarfélag og hefja nýtt líf á Íslandi. Þar sem einungis er um átta konur að ræða er ekki alhæft eða því haldið fram að aðrir hópar flóttakvenna á Íslandi hafi nákvæmlega sömu reynslu og þátttakendurnir í þessari rannsókn, enda var markmið hennar að veita dýpri sýn í reynslu þessara átta kvenna og hvaða merkingu þær leggja í upplifun sína. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna þó mikilvæga þætti sem betur þarf að huga að við móttöku flóttafólks, eins og að þjónusta sé veitt í lengri tíma en eitt ár. Ennfremur sýnir rannsóknin að taka þarf tillit til ólíkra þarfa fólks með mismunandi reynslu og miserfiða reynslu að baki. Rannsóknin ryður brautina fyrir frekari rannsóknir á upplifun og reynslu flóttafólks á Íslandi. Til að auka skilning á þessu fyrirbæri er þörf á fleiri rannsóknum sem hafa það að markmiði að skoða upplifun og reynslu fólks sem yfirgefur heimili sín og lönd í neyð og flytur til Íslands, og jafnframt þeirra sem koma að móttöku þeirra. Þetta er einungis byrjunin. Þessi rannsókn varpar ljósi á sérstaka upplifun fólks sem fáir þekkja og sýnir hvernig hópur flóttakvenna upplifir sig eftir miklar hremmingar í eigin landi og hefur nýtt líf í litlu samfélagi á Íslandi.

## Heimildir

- Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands. (2017). *Greining á þjónustu við flóttafólk*. Sótt 20.06. 2017 af <http://ams.hi.is/wp-content/uploads/2015/09/Aðlögun-flóttafólks-Skýrslalesin.pdf>
- Berry, J. W. (2005). Acculturation: Living successfully in two cultures. *International Journal of Intercultural Relations*, 29, 697-712.
- Binder, S. og Tošić, J. (2005). Refugees as a particular form of transnational migrations and social transformations: Socioanthropological and gender aspects. *Current Sociology*, 53 (4), 607-624.
- Bissat, J. G. (2013). Effects of policy changes on Thai migration to Iceland. *International Migration*, 51(2), 46-59.
- Bourdieu, P. (1986). Forms of Social Capital. Í J. Richardson (ritstj.), *Handbook of Theory and Research for the Sociology of Education* (bls. 241-258). New York: Greenwood.
- Bunzl, M. (2005). Between anti-Semitism and Islamophobia: Some thoughts on the new Europe. *American Ethnologist*, 32(4), 499-508.
- Castles, S. (2002). Migration and community formations under conditions of globalization. *International Migration Review*, 36(4), 1142-1168.
- Castles, S. (2010). Understanding global migration: A social transformation perspective. *Journal of Ethnic and Migration Studies*, 36(10), 1565-1586.
- Croucher, S. M., Galy-Badenas, F. og Ruotsalainen, M. (2014). Host culture acceptance, religiosity, and the threat of Muslim immigration: An integrated threat analysis in Spain. *Journal of Intercultural Communication*, 35, 1-17.
- Evanoff, R. (2006). Integration in intercultural ethics. *International Journal of Intercultural Relations*, 30(4), 421-437.
- Fekete, L. (2006). Enlightened fundamentalism? Immigration, feminism and the right. *Race & Class*, 48(2), 1-22.
- Ghabra, H. S. (2015). Through my own gaze: An Arab feminist struggling with patriarchal Arabness through Western hegemony. *Liminalities: A Journal of Performance Studies*, 11(5), 1-16.

- Grillo, R. (2007). An excess of alterity? Debating difference in a multicultural society. *Ethnic and Racial Studies*, 30(6), 979-998.
- Guðrún Pétursdóttir. (2013). Birtingamyndir dulinna fordóma og mismunun í garð innflytjenda á Íslandi. *Íslenska þjóðfélagið*, 4, 27-38.
- Hagelund, A. og Kavli, A. (2009). If work is out of sight: Activation and citizenship for new refugees. *Journal of European Social Policy*, 19, 259-270. DOI: 10.1177/0958928709104741
- Hagstofa Íslands. (2016). *Innflytjendum heldur áfram að fjölga*. Sótt 24. janúar 2017 af <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/innflytjendur-1-januar-2016/>
- Hammersley, M. og Atkinson, P. (2007). *Ethnography: Principles in Practice* (3. útgáfa). London: Routledge.
- Ingvarsson, L., Egilson, S. Þ. og Skaptadóttir, U. D. (2016). „I want a normal life like everyone else“: Daily life of asylum seekers in Iceland. *Scandinavian Journal of Occupational Therapy*, 23(6), 416-424.
- Innes, P. og Skaptadóttir, U. D. (2017). Icelandic for adult foreigners: effects of imposing an Icelandic language test. *Current Issues in Language Planning*, 18(1), 68-86.
- Kim, Y. Y. (2015). Finding a “home” beyond culture: The emergence of intercultural personhood in the globalizing world. *Journal of International and Intercultural Communication*, 46, 3-12.
- Kristín Loftsdóttir. (2015). Grín, íslam og fordómar í fjölmennningarlegu samfélagi. *Ritið* 15 (1), 201-207.
- Kristjánsdóttir, E. S., og Christiansen, Th. (2017). “...you have to face the fact that you’re a foreigner”: Immigrants’ lived experience of communication and negotiation position toward their employer in Iceland. *Journal of Intercultural Communication*, 44, 1-17.
- Kristjánsdóttir, E. S. og DeTurk, S. (2013). Cultural insiders to cultural outsiders: Structure, identity, and communication in the adaptation of domestic, involuntary migrants. *Howard Journal of Communications*, 24(2), 194-211.
- Lanigan, R. L. (1988). *Phenomenology of Communication*. Pittsburgh, PA: Duquesne University Press.
- Larsen, B. R. (2011). Becoming part of welfare Scandinavia: Integration through the spatial dispersal of newly arrived refugees in Denmark. *Journal of Ethnic and Migration Studies*, 37(2), 333-350.
- Lenette, C., Brough, M. og Cox, L. (2012). Everyday resilience: Narratives of single refugee women with children. *Qualitative Social Work*, 12(5), 637-653. DOI: 10.1177/1473325012449684
- Lin, X. og Malhotra, S. (2012). To adapt or not to adapt: The moderating effect of perceived similarity in cross-cultural business partnerships. *International Journal of Intercultural Relations*, 36, 118-129.
- Ljubic, V., Vedder, P., Dekker, H. og Van Geel, M. (2012). Serbian adolescents’ Romaphobia and their acculturation orientations towards the Roma minority. *International Journal of Intercultural Relations*, 36(1), 53-61.
- Mahler, S. J. og Pessar, P. R. (2006). Gender matters: Ethnographers bring gender from the periphery toward the core of migration studies. *International Migration Review*, 40(1), 27-63.
- María Smáradóttir Jóhannudóttir. (2015). „Mér er ekkert illa við útlendinga en...“ *Greining á orðræðu Frálslynda flokksins og framboðs Framsóknarflokks og flugvallarvina um múslima frá árinu 2000 til 2015*. Óútgefin MA-ritgerð, Háskóli Íslands. Sótt 15. mars 2016 af <http://skemman.is/stream/get/1946/23029/52385/1/Meistararitger%C3%B0.pdf>

- 
- Martin, J. N. og Nakayama, T. K. (2014). *Intercultural communication in contexts* (6. útgáfa). New York, NY: McGraw Hill.
- Martinez, J. M. (2000). *Phenomenology of Chicana Experience and Identity: Communication and Transformation in Praxis*. Lanham, MD: Rowman & Littlefield.
- McMichael, C. og Manderson, L. (2004). Somali women and well-being: Social networks and social capital among immigrant women in Australia. *Human Organization*, 63(1), 88-99.
- Orbe, M. (1998). *Constructing Co-Cultural Theory: An Explication of Culture, Power, and Communication*. Thousand Oaks, CA: Sage Publications, Inc.
- Pedersen, M. H. (2012). Going on a class journey: The inclusion and exclusion of Iraqi refugees in Denmark. *Journal of Ethnic and Migration Studies*, 38(7), 1101-1117.
- Phillips, A. og Saharso, S. (2008). The rights of women and the crisis of multiculturalism. Guest Editorial. *Ethnicities*, 8(3), 291-301.
- Skaptadóttir, U. D. (2015). Women and men on the move: From the Philippines to Iceland. Í S. T. Faber. og H. P. Nielsen (ritstj.), *Remapping Gender Place and Mobility: Global Confluences and Local Particularities in Nordic Peripheries* (bls. 143-158). Aldershot: Ashgate.
- Skaptadóttir, U. D. og Wojtyńska, A. (2008). Labour migrants negotiating places and engagements. Í J. O. Bærenholdt. og B. Granås (ritstj.), *Mobility and Place: Enacting Northern European Periphery* (bls. 115-126). Aldershot: Ashgate.
- Smith, S. S. (2000). Mobilizing social resources: Race, ethnic, and gender differences in social capital and persisting wage inequalities. *The Sociological Quarterly*, 41(4), 509-537.
- UNHCR. (2017). *Global Trends. Forced Displacement in 2016*. Sótt 20. júní 2017 af <http://www.unhcr.org/statistics/unhcrstats/5943e8a34/global-trends-forced-displacement-2016.html>
- Unnur Dís Skaptadóttir og Helga Ólafsdóttir (2010). Komið til móts við fjölbreytileika: Fullorðinsfræðsla fyrir innflytjendur og samþætting. *Netla Ráðstefnurit*, 1-16. Sótt 21. september 2017 af <http://netla.hi.is/greinar-2010-rsg/>
- Velferðarráðuneytið. (2017.). *Koma flóttamanna frá 1956*. Sótt 17. júlí 2017 af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/utlendingar/flottafoolk/fjoldi-flottamanna/>
- Watkins, P. G., Razee, H. og Richards, J. (2012). 'I'm telling you... the language barrier is the most, the biggest challenge' Barriers to education among Karen refugee women in Australia. *Australian Journal of Education*, 56(2),126-141.
- Wojtyńska, A. (2012). Polish workers in the capital area of Iceland. Í Sveinn Eggertsson og Ása G. Ásgeirsdóttir (ritstj.), *Þjóðarspejillinn XIII: Rannsóknir í félagsvísindum* (bls. 1-12). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Yamazaki, Y. og Kayes, D. C. (2004). An experiential approach to cross-cultural learning: A review and integration of competencies of successful expatriate adaptation. *Academy of Management Learning and Education*, 3, 362-379.

## Um höfunda

Unnur Dís Skaptadóttir er prófessor í mannfræði við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands. Unnur Dís lauk B.A.-prófi í mannfræði árið 1984 frá University of Massachusetts, Amherst og doktorsprófi í sömu grein árið 1995 frá Graduate School and University Center of the City University of New York. Rannsóknaráherslur hennar eru fjölmening, hnattvæðing, kyn, vinnutengdir fólksflutningar og þjóðerni.

Erla S. Kristjánsdóttir er lektor við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands. Erla er með meistara-gráðu í samskiptum frá University of West Florida og doktorsgráðu í alþjóðasamskiptum frá Arizona State University. Rannsóknaráherslur Erlu eru alþjóðasamskipti, menningaraðlögun, fjölmening og innflytjendur. Hún hefur meðal annars rannsakað alþjóðasamskipti milli stjórnenda og starfsmanna, samskipti háskólafélks, aðlögun flóttafólks í Bandaríkjunum og á Íslandi, og samskipti og aðlögun innflytjenda að íslenskum vinnumarkaði.